

Matvælaöryggi og dýraheilbrigði

Hvað er súna, get ég smitast?

Já, þú getur smitast af súnu. Súna er nýyrði og þýðing á enska orðinu zoonoses. Súna var fyrst notað á sjötta áratug síðustu aldar og er notað yfir sjúkdóma sem smitast með náttúrulegum hætti á milli dýra og manna. Orðið súna tekur fallbeygingum eins og kisa enda lipurt og þjál't eins og kisur. Súnur eru sjúkdómar af ýmsum uppruna sem berast á milli manna og dýra annaðhvort beint eða óbeint. Menn geta smitað dýr og dýr geta smitað menn. Hundaeði er dæmi um sjúkdóm sem berst beint frá dýrum í menn og salmonella er dæmi um sjúkdóm sem berst óbeint (með matvælum) frá dýrum í menn. Berklar eru dæmi um sjúkdóm sem getur borist úr mönnum í dýr og öfugt.

Súnuvaldar geta verið veirur, bakteríur, sveppir eða sníkjudýr. Súnuvaldurinn sem veldur hundaeði er veira en sá sem veldur sullaveiki er sníkjudýr. Til að verjast súnum hafa verið sett ákvæði í ýmis lög og reglugerðir sem kveða á um sýnatökur, viðbrögð og varnir. Gott dæmi um varnir er t.d. krafan um bandormahreinsun hjá hundum til að fyrirbyggja að sullur berist úr hundum í menn. Flestir vita t.d. að til eru ákvæði í reglugerðum um varnir gegn



Hundaeði Súnuvaldurinn sem veldur hundaeði er veira en sá sem veldur sullaveiki er sníkjudýr.

salmonellu og kamfýlóbakter.

Nýlega tóku gildi hér á landi sérstakar reglur um vöktun og varnir gegn súnum. Auk þess taka nýju reglurnar til matarsýkinga og þols

ingum eru í fyrsta sinn settar heildarreglur um vöktun og varnir gegn súnum. Auk þess taka nýju reglurnar til matarsýkinga og þols

gegn sýklalyfjum. Tilgangi reglugerðarinnar er lýst í 1. gr. en hún hljóðar svo: „Tilgangurinn með þessari reglugerð er að sjá til þess

að súnur og súnuvaldar og tengt þol þeirra gegn sýklalyfjum sé vaktað á réttan hátt og tilhlýðileg faraldsfræðileg rannsókn fari fram á uppkomu matarborinna sjúkdóma þannig að unnt sé að safna upplýsingum sem eru nauðsynlegar til þess að meta viðkomandi leitni og uppruna.“ Helstu nýmæli reglugerðarinnar eru þau að stjórnvöldum er gert skylt að sjá til þess að tiltekna súnur og súnuvaldar og þol gegn sýklalyfjum sé vaktað, að faraldsfræðilegar rannsóknir vegna matarsýkinga séu framkvæmdar og upplýsingaskipti séu tryggð. Tryggja skal samstarf opinberra aðila á þessu sviði því margir koma að súnum; lækna, dýralækna og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Matvælastofnun fer með framkvæmd reglugerðarinnar og á heimasíðu stofnunarinnar (www.mast.is) er fræðsluefni um súnur og yfirlit yfir niðurstöður reglulegra rannsókna á súnuvöldum í fóðri, dýrum og afurðum.

Sigurborg Daðadóttir, forstöðumaður hjá Matvælastofnun